

Ný tæki ryðjast inn í hversdagslíf okkar og umbylta þeim hugmyndum og verklagi sem við ólumst upp við. Sumir fagna þessari þróun en eins og fram kemur í þessum kafla einkennast viðbrögðin einnig af óöryggi, tortryggni og jafnvel kaldhæðni.

Kötturinn í örbylgjuofninum

Það var gömul kona – gott ef það var ekki amma hans Gunna, vinar hans Halla – sem var vön að setja köttinn sinn í bakaraofninn þegar hún var búin að baða hann, þú veist til þess að þurrka á honum feldinn. Nema hvað, ein jólin fékk hún örbylgjuofn frá börnum og barnabörnum og næst þegar hún baðaði köttinn ákvað hún að prófa nýja ofninn. Kötturinn steiktist í gegn eða sprakk eða eitthvað ...

Sögnin um gæludýrið í örbylgjuofninum, sem stundum er hundur en ekki köttur, hefur verið vel þekkt frá árinu 1976, með fremur litlum breytingum. Í einni gerð er fórnarlambið að vísu barn, sem leiðir hugann að þekktri flökkusögn um barnið í ofninum (bls. 135). Árið 1998 gekk sagan milli fólks í tölvupósti og var búið að hnýta skemmtilegri viðbót við hana. Gamla konan lögsótti framleiðendur örbylgjuofnsins og vann málið á þeirri forsendu að ekki hefði verið aðvörun á ofninum um að ekki mætti setja lifandi dýr inn í hann.

Þessi sögn er til marks um hvernig ný og framandi tækni verður tilefni sagnamyndunar. Örbylgjurnar, sem hita matinn á örfáum andartökum, eru þorra fólks óskiljanlegar og er auðvelt að gera sér í hugarlund að þær séu skaðlegar. Sögnin sjálf er þó eldri en örbylgjuofnarnir þar sem hún á sér fyrirrennara í sögnum um konur sem reyndu að þurrka gæludýrin sín í tauþurrkurum og venjulegum bakaraofnum.

Athyglisvert er að í flestum tilvikum er gömul kona í aðalhlutverki. Dauði gæludýrsins verður enn átakanlegri fyrir vikið; við sjáum fyrir okkur gamla konu sem er hugsanlega búin að missa það eina sem hún lifir fyrir. Sumir vilja raunar líta svo á að sögnin tjái dulda hræðslu okkar við að verða gömul og yfirgefin.

Örbylgjuofnar hafa getið af sér fleiri eftirminnilegar flökkusagnir. Ein þeirra segir frá kokki á veitingastað sem verður bráðkvaddur í vinnunni. Við krufningu kemur í ljós að bylgjur frá örbylgjuofninum í eldhúsinu höfðu eyðilagt í honum nýrun eða soðið innýflin.

Farsímakynslóðin

Maður gekk inn í Sparisjóðinn og talaði hátt í farsímann sinn. Það voru langar biðraðir í bankanum svo að hann fór í eina þeirra og hélt áfram að tala í símann, svo hátt að allir nærstaddir heyrðu til hans. Samtalið snýst um peninga, háar fjárhæðir sem maðurinn er að spá í að nota til að fjárfesta í blutabréfum: „Já, taktu svona fimm milljónir og settu í Sameinaða blutabréfasjóðinn og síðan kannski tvær milljónir í...“ og svo framvegis en í miðjum klíðum er hann svo óheppinn að það bringir hjá honum síminn. Ring, ring!

Heimildarmaður er kennslukona á þrítugsaldri. Hana minnti að hún hefði heyrt söguna á kennarastofunni í framhaldsskólanum þar sem hún kennir. Sá sem sagði frá var alveg handviss um að þetta hefði gerst í raun og veru.

Sögnin hefur verið útbreidd hér frá því að fyrstu farsímarnir voru teknir í notkun. Ólíkt sögnunum um örbylgjuofnana og ljósabekkinna beinist athyglin ekki að þeim hættum sem geta falist í nýrri tækni heldur að farsímum sem stöðutákni. Þegar símarnir komu fyrst á markaðinn voru ungir kaupþýslumenn fljótir að taka við sér. Farsíminn leysti með vissum hætti stresstöskuna af hólmi sem helsta merki þess að viðkomandi ætti mikið undir sér og hefði mörg járn í eldinum. Enda þótt þetta hafi breyst á undanfórnum árum nýtur sögnin enn sömu vinsælda og eru karlmenn enn hafðir að skotsþæni.

Jafnvel þó að sögnin sé fullkomlega trúverðug eru litlar líkur á að hún sé sönn. Sambærilegar sagnir eru þekktar víða um heim og eru elstu afbrigði hennar raunar mun eldri en farsímatæknin. Þessi sígilda útgáfa er frá Bandaríkjunum:

Ungur lögfræðingur var að hefja störf og sat á nýju skrifstofunni sinni og beið eftir fyrsta viðskiptavininum. Þegar hann heyrði að einhver var að koma, greip hann símtólið og fór að tala hátt og digurbarkalega um mikilvæg viðskipti. Eftir smástund leggur hann á, lítur á manninn sem kom inn á skrifstofuna og segir: „Jæja, hvernig get ég aðstoðað þig.“ Og maðurinn sagði: „Ég er bara kominn til að tengja hjá þér símann.“

Í íslensku afbrigði segir af bónda norður í landi sem talar digurbarkalega í símann fyrir framan ungan gest. Hann reynist vera starfsmaður Pósts og síma og er kominn inn á gólf hjá bóndanum að tilkynna að símalínan í sveitinni hafi skorist í sundur.

Í annarri sögn segir frá ökumanni sem er að tala í farsíma og veldur slysi. Roskin kona verður vitni að slysinu og skipar manninum að hringja í lögregluna. Hann viðurkennir þá, heldur lúpulegur, að hann sé bara með gervisíma. Þessi sögn er þekkt í Bandaríkjunum og Evrópu. Í mörgum íslenskum afbrigðum er tekið fram að í bílnum hafi verið barnshafandi kona, sem eykur enn á áhrifamátt frásagnarinnar.

Að lokum má nefna sögn þar sem maðurinn með farsímann er hvorki í Sparisjóðnum né á næsta götuhorni, heldur kominn á annað tilverustig:

Það var maður sem dó frekar snögglega, frekar ungur, ég man nú ekki alveg hvort hann varð bráðkvaddur eða eitthvað svoléiðis. Konan hans ákvað að láta jarða hann í sparifötunum. Jæja, hann var settur í sparifötin og kistulagður og síðan fór jarðarförin fram. Í kirkjugarðinum, þegar kistan var látin síga ofan í gröfina, fór farsíminn hans að bringja.

Heimildarmaður minn, fertug kona, heyrði þessa sögu í matarboði þar sem voru sex manns. Hún sagði að allir viðstaddir, þar á meðal hún sjálf, hefðu lagt trúnað á frásögnina og að mjög fjörugar umræður hefðu orðið um aumingja ekkjuna og hve leiðinlegt þetta hlyti að hafa verið.

Í þessari sögn er megináherslan lögð á þá truflun sem farsímar geta valdið. Nú er svo komið að maður getur átt von á að heyra símhringingu við ólíklegustu tækifæri, þ.á m. í kvikmyndahúsum, tónleikasölum og leikhúsum. Þetta hefur farið í taugarnar á mörgum, og er algengt að heyra fólk tala af vanþóknun um tilvik af þessu tagi. Sagan um símann í vasa hins látna lýsir þessari vanþóknun með eftirminnilegum hætti.